

## *Til félagsmanna Hlífar*



Hrafnhildur, Bjarni, Kolbeinn, Halldóra, Pétur Freyr og Lena.

### *Ágæti félagi,*

Ég leita nú til þín eftir stuðningi við framboð mitt til formanns í Verkalýðsfélaginu Hlíf. Ég hef verið formaður félagsins frá 2002 og starfsmaður þess frá 1995.

Ég tel að ég sem formaður og starfsmaður hafi unnið eins samviskusamlega og vel eins og mér er frekast unnt fyrir félagið í gegn um árin og gætt hagsmuna félagsmanna í alla staði. Hvort heldur sem er í kjaramálum eða félagsmálum, í félagi með félögum innan „Flóabandalagsins“ á almennum markaði, ríkissamningum, sveitafélagsamningum, samningum við Samtök fyrirtækja í velferðapjónustu og ISAL samningum auk þó nokkurra annar sérkjarasamninga sem félagið gerir. Ég hef ætíð haft að leiðarljósi hagsmuni félagsmannanna. Nú eru mikilvæg réttindi okkar að bætast við til jöfnunar á lífeyrisréttindum á almenna markaðinum til jafns við opinbera starfsmenn.

Ég hef lagt mikla áherslu á starfsmenntamál og hef ég verið í forystu fyrir þau hjá Flóafélagunum og get sagt með stolti að það hafi verið verulega bætt úr möguleikum félagsmanna okkar er varða starfsmenntamál. Ég er upphafsmaður að gerð og uppbyggingu Stóriðjuskólans hjá ISAL ásamt þeim trúnaðarmönnum sem voru starfandi þar á þeim tíma. Einnig hef ég unni að því að auka og bæta réttindi félagsmanna í sjúkrassjóð félagsins og að auka rétt félagsmanna í orlofsmálum svo sem að fjölga orlofshúsum félagsins en um leið lagt áherslu á að halda greiðslum í lágmarki svo að allir geti nýtt sér þann rétt að nota orlofshúsin.

Mér þætti mjög vænt um að fá að halda þessu uppbyggingarstarfi í Hlíf áfram og vinna fyrir ykkur félagsmennina. Þess vegna leita ég nú eftir stuðningi ykkar til að vinna áfram að þessarar uppbyggingu. Ég vona að eftir að þú hefur kynnt þér framboðin, þá veitir þú **A-framboði** félagsins þitt atkvæði í kosningunni sem fram fer nú í byrjun mars. Með þínum stuðningi við **A-framboðið** tryggjum við stöðuleika og samvinnu okkar til framtíðar.

Langri og strangri kjarasamningslotu er ný lokið á almennum vinnumarkaði að undanskildri kjaradeilunni við Ríó Tinto í Straumsvík, hún stendur enn. Samningsviðræðurnar sem nú standa yfir við Ríó Tinto hefur staðið yfir í rúmt ár þegar þetta er skrifað og er fordæmalaus. Samninganefnd starfsmanna sem starfa hjá Ríó Tinto er skipuð trúnaðarmönnum allra stéttafélöga sem aðild eiga að kjarasamningnum og formönnum þeirra og taka sameiginlega afstöðu til mála er varða kjarasamninginn. Þegar kemur að ákvörðunartöku um málefni kjarasamningsins er það einfaldur meirihluti sem ræður ferðinni. Það hefur valdið mikilli óánægju meðal starfsmanna í álverinu að þeir sitji ekki við sama borð og aðrir í samfélaginu og fái launahækkanir eins og annað launafólk í landu. Og er það með öllu óásættanlegt. Verkalýðsfélögin sem koma að deilunni auk starfsmanna hafa verið föst fyrir og ekki viljað gefa eftir í opnun á störfum sem við höfum samnings umboð fyrir. Þetta hefur leitt til þess að

reiðinni er beint að formanni Hlífar með mótframboði til stjórnar félagsins og kemur það frá hluta starfsmanna sem starfa hjá Ríó Tinto. Ástæðan mótframboðsins er sú að samningarnefnd starfsmanna hjá Ríó Tinto ákvað eftir atkvæðaafgreiðslu í samninganefnd starfsmanna að aflýsa boðuðu alsherjarverkfalli í álverinu í desember s.l. Verkfallinu var aflýst þar sem verkfallsvopnið var farið að snúast í höndunum á okkur og þrýstingurinn sem það átti að mynda á fyrirtækiðvar ekki að ganga upp að mati samninganefndarinnar.

Ég tel að við eigum ekki að fara í verkfall ef það er ekki sá þrýstingur á fyrirtækið sem dugar til að ná fram kjarasamningi heldur skaði starfsmennina. Þá er betra að endurmeta stöðuna með hagsmuni starfsmanna að leiðarljósi sem var gert. Við höfum nóg að öðrum úrræðum en alsherjarverkfall til að ná árangri í okkar baráttu og ætlum við að beita þeim til að koma fyrirtækinu að sammingsborðinu.

Ég vill áfram bjóða fram krafta mína, þekkingu og reynslu sem ég hef að verkalýðsmálum ásamt því að vinna að þeim fjölda mörgu öðrum störfum sem fylgir því að vera formaður í Vlf. Hlíf. Ég hef ávalt haft hagsmuni Verkalýðsfélagsins Hlífar og félagsmanna fyrst og frems í huga þegar þarf að vinna að málefnum verkafólks og því bið ég um þinn stuðning til að geta sinnt því starfi áfram.



### **Um Kolbein Gunnarsson**

Kolbeinn Gunnarsson formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar fæddur 19.10.1956.

Tók við formennsku 2002, verið starfsmaður félagsins frá 1995.

Starfaði hjá ISAL (Ríó Tinto)frá árinu 1977 – 1995 eða í 18 ár þar á meðal trúnaðarmaður starfsmanna og vara aðaltrúnaðarmaður.

Frá 1970 í ýmsum störfum þar á meðal fiskvinnslu hjá Sjólastöðinni við Bader fiskvinnsluvélar.

Síldarmatsmaður í Vestmanneyjum og í fiskvinnslu á Bíldudal.

Kvæntur-Önnu Ásdísi Björnsdóttur fædd 17. 3. 1957. Hún er nú starfsmaður á vinnustofu á Hrafnistu í Hafnarfirði. Var áður í ýmsum störfum s.s. skrifstofustörf hjá Hampiðjunni, starfsmaður í Íslandsbanka, þjóðhagsstofnun og lauk námi frá Iðnskóla Hafnarfjarðar á hönnunarbraut.

Eigum við þrjú börn, Heiðar Inga, Svanfríði Helgu og Gunnar Björn og þrjú barnabörn.

### **Félagsstörf**

Sú starfsemi sem ég hef sinnt á vegum félagsins er seta í miðstjórn ASÍ og nú sem varamaður í miðstjórn, auk setu í nefndum á vegum ASÍ.

Sit í framkvæmdarstjórn Starfsgreinasambandsins til nokkurra ára, auk setu í nefndum á vegum SGS.

Stjórnarmaður og varastjórnarmaður í Lífeyrissjóðnum Gildi til nokkurra ára og sit nú í

Endurskoðunarnefnd Gildis.

Stjórnarformaður Sameignarfélagssins Ölfusborgar frá 2006 .

Stjórnarformaður í Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Auk ýmisar nefndar – og starfa sem þarf að vinna fyrir félagið.

**Ég hvet alla félagsmenn til að taka þátt í kosningunni og skila inn akvæðaseðli á næsta pósthús eða á skrifstofu Hlífar. (trúnaðarmanna á vinnustað).**